



Kristján Þór Júlíusson,
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,
Skúlagötu 4,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 28. mars 2018

Efni: Krafa um að eftirlit í fiskeldi verði flutt frá Matvælastofnun til Fiskistofu.

Ágæti ráðherra.

Í ljósi atburða undanfarna vikna og ára vegna óhappa í sjókvíaelði við Ísland og aðgerðarleysis Matvælastofnunar, skorar Landssamband veiðifélaga á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að beita sér fyrir því að allt eftirlit með fiskeldi í sjó verði flutt frá stofnunni. Sérstaklega er vísað til atvika nú að undanförunu í kjölfar fréttar Stundarinnar um skemmda kví í Tálknafirði í kjölfar óveðurs á svæðinu. Leiða mál líkur að því að hefðu fréttir ekki verið birtar um atvikið í fjölmiðlum er óvíst að upplýsingar um það hefðu verið gerðar opinberar. Einnig má minna á getuleysi stofnunarinnar til að upplýsa um slysasleppingar regnboga úr sjókvíum, en strokufiskurinn kom víða fram í veiðiám undanfarin sumur.

Ljóst er að Matvælastofnun ræður ekki við það verkefni sem stofnuninni var falið með lögum nr. 49/2014 til breytinga á lögum um fiskeldi. Landssamband veiðifélag gerði alvarlegar athugasemdir við þau áform sem fram komu í frumvarpi sem síðar varð að lögum nr. 49/2014 og leiddu til þess að stjórnýsla og eftirlit með fiskeldi var fært frá Fiskistofu til Matvælastofnunar, sjá umsögn LV¹.

Á þeim árum sem síðan hafa liðið hefur ótvírátt komið í ljós að stofnunin hefur enga burði til að sinna þessu mikilvæga hlutverki og lýsir Landssambandið vantrausti á stofnunina til að sinna því.

Landssambandið bendir á að í sjókvíaelði við Ísland er nú notaður norskur framandi eldisstofn. Af þeim sökum verður að gera ríkar kröfur um opinbert eftirlit. Einnig er mikilvægt að upplýsingum um atburði í eldinu sem stofnunin verður áskynja um og varðað geta hagsmuni atvinnu- eða eignarréttar annarra verði miðlað þannig að unnt sé að verja slíka hagsmuni. Matvælastofnun hefur ekki sinnt þeirri skyldu fyrr en nú þegar Landssambandið kvartaði formlega til ráðherra vegna athafnaleysis hennar er varðaði atvik nýverðið þegar eldiskví Arnarlax skemmdist í óveðri. Allt fram til þess tíma hefur stofnunin pukrast með tilkynningar um óhöpp í fiskeldinu sem henni kunna að hafa borist. Þannig virðist stofnunin líta á að niðurstöður úr opinbertu eftirliti með sjókvíaeldinu sé einkamál. Slík stjórnýsla er með öllu ótæk og í engu samræmi við fyrirmæli laga um stjórnýslu og upplýsingagjöf opinberra aðila. Því er brýnt að fundin verði lausn á því ástandi sem nú ríkir. Landssambandið telur því rétt, að þau mistök sem gerð voru með flutningi eftilits til Matvælastofnunar sbr. 3. gr. l. nr. 49/2014 verði leiðrétt og látin ganga til baka. Sú breyting verði gerð þegar lögum um fiskeldi verður breytt nú á yfirstandandi þingi.

Í þessu sambandi er bent á að Fiskistofa hefur starfsstöðvar víða um land og jafnframt hafa eftirlitsmenn Fiskistofu víðtæka reynslu af eftirliti með sjávarútvegi. Það er því soun á opinberu fé ef einnig á að setja upp eftirlitsstöðvar Matvælastofnunar í þeim landshlutum sem Fiskistofa hefur starfsstöðvar fyrir nú þegar.

¹ <http://www.althingi.is/alttext/erindi/143/143-1420.pdf>


Landssamband veiðifélaga leggur því eindregið til við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að allt eftirlit með fiskeldi verði flutt yfir til Fiskistofu. Þar er áratuga reynsla fyrir hendi og stofnunin hefur eftirlitsmönnum á að skipa um allt land sem og innviði sem meiri líkur eru á að geti haft eftirlit með þessari stóriðju. Einnig er nauðsynlegt samhliða því, að yfirfærslunni verði settar skýrar og fortaklausar reglur um upplýsingaskyldu stofnunarinnar til almennings og hagsmunaaðila um atvik sem ekki eiga fara leynt.

Landssamband veiðifélaga telur rétt að upplýsa ráðherra um að Landssambandið mun beita sér fyrir lagabreytingu í þá veru sem að framan greinir þegar ákvæði laga nr. 71/2008 koma til endurskoðunar líkt og boðað hefur verið.

Virðingarfyllt,

fh.

Landssambands Veiðifélaga



Jón Helgi Björnsson,
formaður LV